

62
30sta
desbr
1873.

Þegar Presthólahreppur hefir tekið fram, að tillag það til framfæris Sigurðar, er komið hefir frá tengdasyni hennar, væri of lítið, þar sem hann væri fær um að framfleyta henni að öllu leyti, getr þetta atriði eigi komið til greina í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að það verðr að vera framfærsluhreppur ómagans, sem ber að fylgja kröfu þessari fram, og eigi hreppur sá, er ómaginn um stundarsakir er í. Íveruhreppur ómagans verðr altaf að hafa beinan og frjálsan aðgang að framfærsluhreppnum.

Loksins hefir Presthólahreppur til fært þá sýknarástæðu, að Sigríður hafi eigi verið flutt heim til sveitar sinnar. Það er nú að visu svo, að Presthólahreppur hefir á sínum tíma heimtað þenna flutning, en eptir kringumstæðunum finst nægileg sönnun að vera komin fram fyrir, að Sigríður hefir eigi verið flutningsfær, enda hefir Presthólahreppur, eins og að framan er sagt, þar sem getið er um bréf hans 3. apríl 1867 eptir að honum var kynt, að Sigríður eigi þætti flutningsfær, slept kröfu sinni um flutninginn.

Samkvæmt öllu því, er þannig er sagt, ber hinn áfrýjaði úrskurðr norðr- og austr- amtsins óraskaðr að standa, þó þannig, að Presthólahreppur eigi auk þeirrar upphæðar, er fallin var til greiðslu 14. maí 1869, 114 rd. 92 sk., að endrgjalda fyrir hvert ár, er síðan er liðið til dánardags Sigríðar, meðlag Vopnafjarðarhrepps til hennar að frádregnum 10 rd. árlega, er Vopnafjarðarhreppur hefir undirgengist að taka hjá tengdasyni Sigríðar.

Þetta kynnist yðr hér með herra amtmaðr til þess, að þér birtið það hlutaðeigöndum, og eruð þér beðnir að sjá um, að Presthólahreppi verði á nægilegan hátt haldið til að lúka skuld þessa til Vopnafjarðarhrepps þannig, að fjórði partr skuldarinnar borgist innan útgöngu næsta árs, 31. desbr 1874, og hinir 3 fjórðu partar innan útgöngu hvers árs, er þar eptir fylgir, síðasti partrinn innan 31. desbr 1877.

63
23ðja
febrúar
1874.

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).

Með bréfi dagsettu 11. þ. m. hafið þér, herra amtmaðr og þér háeruverðugi herra sent hingað bónarbréf frá prestinum á Undirfelli í Húnavatnssýslu sira Sigfúsi Jónssyni, þar er hann biðr um að fá endrborgaða af hinum árlegu tekjum kirkjunnar á Tjörn á Vatnnesi skuld þá 411 rd. 5 sk., er hann átti hjá nefndri kirkju, þá er hann á síðastliðnu vori skilaði henni af sér og fluttist frá Tjörn að Undirfelli, og er skuld þessi af því risin, að beiðandinn árið 1868 lét endrbyggja kirkjuna af timbri.

Í bréfi, er fylgdi bænarskrá þessari, hefir prófastrinn í Húnavatnssýslu tekið fram, að kirkja sú, er beiðandinn hefir bygt á Tjörn, sé í alla staði hin snotrasta og vandaðasta kirkja í héraðinu, og að það sé því fremr virðingarvert, að beiðandinn hefir skilið svo vel við kirkju sína, sem hann er mjög efnaltíll og hefir því orðið að vinna það til, að setja sjálfan sig í talsverðar skuldir. Hins vegar telur prófastrinn það kirkjunni ofvaxið, að endrborga alla skuld þessa, þar sem hinar árlegu tekjur hennar séu eigi meiri en rúmír 20 rd., og ársútgjöld hennar geta orðið misjöfn. Hann hefir þess vegna lagt það til, að það verði lagt á Tjarnarkirkju, að miðla beiðandanum um hin næstkomandi 15 ár því, sem afgangs verðr af tekjum hennar, og ætlar hann, að það muni verða um 16 rd. árlega; en þér hafið meðal annars af þeirri ástæðu, að það sé ísjárvert að leggja töluverða byrði á kirkjuna um lengri tíma, þó þér séuð prófastinum samdóma um maklegleika beiðandans, látið það álit í ljósi, að það eptir kringumstæðunum mætti nægja að greiða beiðandanum 10 rd. á ári í 15 ár frá næstliðnum fardögum.

Út af þessu skal yðr til vitundar gefið, yðr til leiðbeiningar og til þess, að þér kunn- gjörrið það, að eg eptir atvikum þeim, er að framan eru greind og samkvæmt konungs- úrskúrði 29. júní 1872 og erindisbréfi s. d. 19. grein samþykki, að beiðandanum, sira

Sigfúsi Jónssyni á Undirfelli, verði endrgoldin af tekjum Tjarnarkirkju 200 rd. af skuld þeirri, er kirkja þessi er í við hann, og að þessi 200 rd. — tvö hundruð ríkisdala — verði smátt og smátt færð til sem gjald í ársreikningum kirkjunnar, þannig, að prófastrinn ákveði, hversu mikið, með tilliti til hinna nauðsynlegu útgjalda kirkjunnar, skuli endrgoldið á hverju ári.

63
23öja
febrúar
1874.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með bréfi 11. f. m. hefir sýslumaðrinn í Eyjafjarðarsýslu tjáð mér, að hann hafi í bréfi til varaþingmanns Páls Magnússonar á Kjarna, látið það álit í ljósi, að lestagjald sé eigi lögbodid fyrir þau skip, er einungis flytja fólk frá höfnum landsins, og óskæð leiðbeiningar minnar um það, hvort nokkurs sérstaks skyldi vera að gæta við slík fólksflutningsskip.

64
25ta
marts
1874.

Í tilefni hér af skal eg hafa yðr herra amtmaðr umbeðinn að kynna nefndum sýslumanni það, er nú segir:

Það er fyrirskipað í 4. grein laga 15. apríl 1854, að greiða eigi lestagjald af öllum skipum, sem flytji hingað eðr hédan vörur, og það er varla hugsandi, að menn skyldu geta staðið sig við að senda tóm skip hingað til að sækja útferðarmenn. Það verðr því, ef það skyldi verða borið fyrir, að fólksflutningsskip hefði engar vörur meðferðis, skylda lögreglustjórans að ransaka sem nákvæmlegast, rækilegast og stranglegast, hvort þessi viðbára sé sönn, sumpart með því að skoða skipsskjölin og sumpart með því að fara um borð í skipið og láta sýna sér það. Reynist þá, að nokkuð af lestarúmi skipsins sé upptekið af vörum, verðr að heimta lestagjald af öllu skipinu. Með tilliti til þeirra manna sem ætla út, er það skylda lögreglustjórnarinnar að sjá um, að þeir verði eigi sviknir af eigingjörnum »agentum«, og verðr því að heimta skýrslu af þeim mönnum, er útvega landsmönnum far til að flytjast af landi burt, um hin einstöku atriði í samningum þeim, er samdir verða um burtflutninginn, og að veita ferðamönnum alla mögulega aðstoð gegn »agentunum«, ef þeir þykja ofhaldnir. Þar að auki á lögreglustjórnin að hafa eptirlit með skipi því, sem ætlað er til flutningsins, sjá um að það verði eigi ofhlaðið ferðamönnum, að alt sé sem þrífalegast á skipinu, og að ekkert það sé á því, sem geti spilt heilsufari ferðamanna, og á lögreglustjórnin með tilliti hér til að leita ráða læknis, ef kostur er á því. Að öðru leyti verða sjálfsagt eigi settar nákvæmar reglur um skyldur lögreglustjóra gagnvart fólksflutningum. Mest er komið undir röksemd og lagi hlutadeigandi embættismanns.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með bréfi 24. febrúar þ. á. hafði þær herra amtmaðr sent mér bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, þar er hann eptir tilmælum hreppstjóranna í Akrahreppi áfrýjar úrskurði yðar frá 1. sept. f. á. um, að Jón smiðr Jónsson á Akreyri eigi rétt til framfærslu af nefndum Akrahreppi.

65
18da
apríl
1874.

Mál þetta er þannaig undirkomið: Eptir að nefndr Jón smiðr ásamt 2 öðrum mönnum vorid 1869 hafði farið þess á leit í bréfi til bæjarstjórnarinnar, að sér yrði útvegud litil matbjörg lánuð, þar til hagr hans kynni að batna, var ákveðið á bæjarstjórnarfundi að veita honum styrk úr fátækra sjóði, og var þar eptir úr þessum sjóði 24. marts 1869 eptir að 2 þar til kvaddir menn höfðu skoðað lífþjörg hjá honum og fundið hana ónóga, lánaðr honum kornmatr og peningar fyrir kjöt als 10 rd. 4 mrk. 8 sk. Þegar 30. s. m. krafðist bæjarstjórnin endrgjalds á þessum styrk af Akrahreppi og innfærði í reikning sinn þar að auki